

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

MAÍ 2015

5. tbl. 22. árg.



Menntabúðir voru haldnar í Hólabrekkuskóla mánudaginn 11. maí að frumkvæði kennara skólans. Eins og myndin ber með sér var mikil stemning og áhugi á þeim möguleikum sem eru í boði í þágu góðrar skólaþróunar. Sjá nánar á bls 11.
Mynd: Katrín Kristín.



SPÍRAN
BORÐUM VEL
GARDHEIMUM • STEKKJARBAKKA 6



- bls. 4-5
Halldór Halldórsson

Nýr netbanki sem er mótaður af viðskiptavinum sínum

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



ÓDÝRARI LYF Í HÓLAGARÐI

 **Apótekið**
-einfalt og ódýrt

Opið: Mán-fös: 10.00 -18.00 • Lau: 10.00 -14.00



Gæði Úrval Þjónusta



Þín verzlun
Seljabraut 54 • 557 1780



Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 170 Seltjarnarnes • Pósthólf 172

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Landsprent ehf.

5. tbl. 22. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti



Dagur B. Eggertsson borgarstjóri í hópi borgarstarfsfólks í Breiðholti. Fyrir framan hann er Óskar Dýrmundur Ólafsson hverfisstjóri í Breiðholti.

Borgarstjóri og borgarstjórnarfundur í Gerðubergi

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri flutti skrifstofu sína tímabundið í Breiðholtið síðari hluta apríl mánaðar. Skrifstofa borgarstjóra var í Menningararmíðstöðinni Gerðubergi í tvær vikur. Þetta er í annað sinn sem skrifstofa borgarstjóra er flutt tímabundið í Gerðuberg en Jón Gnarr flutti hana þangað um tíma á síðasta kjörtímabili.

Dagur átti meðal annars fundi með starfsfólki stofnana Reykjavíkurborgar í Breiðholti og heimsótti fyrirtæki í hverfinu á meðan á dvöl hans stóð. Miðvikudag 22. apríl var boðað til opins hverfafundar með íbúum í Breiðholti og var fundurinn haldinn í Fellaskóla. Til umræðu á fundinum var flest sem tengdist hverfinu og fólk hafði áhuga á. Rætt var um framkvæmdir, þjónustukannanir og hverfisskipulag sem er ný skipulagsáætlun fyrir öll hverfi Reykjavíkur. Hverfisskipulaginu er ætlað að auðvelda skipulag, áætlanagerð og hvetja fólk til að hafa

aukin áhrif á hverfið sitt. Þá var borgarstjórnarfundur haldinn í Borgarbókasafni – menningarhúsi Gerðubergi en alla jafna eru fundir borgarstjórnar haldnir í borgarstjórnarsalnum í Ráðhúsi Reykjavíkur en í tilefni þess að borgarstjóri var með starfstöð sína í Breiðholti var ákveðið að efna til fundarins þar. Þess má til gaman geta að frá stofnun bæjarstjórnar í Reykjavík árið 1836

hafa fundir bæjar- og borgarstjórnar verið haldnir á sex stöðum. Í Landsyfirréttarhúsinu Austurstræti 22, í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg, í Góðtemplarahúsinu við Vonarstræti, í Eimskipafélagshúsinu við Pósthússtræti, Skúlatúni 2 og Ráðhúsi Reykjavíkur. Tveir sameiginlegir fundir borgarstjórnar með bæjarstjórn Akureyrar hafa einnig verið haldnir á Akureyri.



Frá fundi borgarstjórnar í Gerðubergi. Fremst á myndinni eru Skúli Helgason og Björk Vilhelmsdóttir borgarfulltrúar.

Fyrir hálfri öld - og nú

Fyrir hálfri öld og ári betur voraði seint. Vorhret barði á glugga. Erfiðir voru tímar og atvinnuþref. Vinnudeilur og verkföll voru allsráðandi í samfélaginu. Menn sátu fastir í handverksaðferðum og hefðbundinni áherslu ættaðri úr þjóðfélagi bænda og fiskimanna. Menn skyldu byggja yfir sig með eigin hendi og oft fyrir lánsfé sem pólitískt settir bankamenn skömmtuðu úr hnefa. Annarra biðu timburkofarnir eða ákaflega vanþróaður leigumarkaður sem bauð stökukjallaraholu. Borgin hafði vaxið ört áratugina á undan en húsbyggingar höfðu farið mun hægar. Fólk bjó nánast í hverju hreysi sem uppi hékk.

Þetta var myndin af Reykjavík vorið 1964 þegar Eðvarð Sigurðsson tygjaði sig til vinnu kaldan maímorgun. Eðvarð var formaður verkamannafélagsins Dagsbrúnar og þingmaður vinstri manna og sá vel þá sviðsmynd sem við blasti. Varð ekki að finna nýja leiðir? Leysa húsnæðiskreppuna. Hvar væru raunverulegar kjarabætur að finna? Þessar hugleiðingar forystumanna verkalýðshreyfingarinnar, Eðvarðs, Guðmundar J. Guðmundssonar og fleiri manna urðu til þess að þeir hófu viðræður við stjórnvöld um nýjar leiðir og lausnir. Bjarni Benediktsson hinn fyrri stýrði ríkisstjórn sjálfstæðismanna og jafnaðarmanna sem þá lutu forystu Gylfa Þ. Gíslasonar. Saman náðu þessir menn sátt sem jafnan hefur verið kölluð júnísamkomulagið og fól í sér margvíslegar félagslegar umbætur og olli talsverðum tímamótum í samskiptum aðila vinnumarkaðarins.

Árið eftir fyrir réttari hálfri öld hófust aðgerðir í anda þessa samkomulags og yfirlýsingar og hafin var bygging 250 íbúða á ári til fimm ára eða alls um 1250 íbúða. Ekkert byggingarland var fyrir hendi í hinni hægfara Reykjavík þess tíma þannig að nema varð nýjar lendar. Og þá land sveitabæjarins Breiðholts ofan Elliðaáa tekið til skipulagningar fyrir íbúðabyggð – bæði byggð félagslegra íbúða og húsnæðis sem menn byggðu með eigin hendi, hamri og sög.

Þrátt fyrir þetta samkomulag átti þó eftir að ganga á ýmsu í samskiptum verkalýðsforystu og atvinnurekenda og óðaverðbólga að stigmagnast. Það var ekki fyrr en í upphafi síðasta áratugar liðinnar aldar að aðrir tímamótasamningar náðust á vinnumarkaði. Þeir voru gjarnan kenndir við þjóðarsátt og oft öðrum fremur eignaðir Einari Oddi Kristjánssyni frá Flateyri sem þá var formaður Vinnuveitendasambands Íslands og Guðmundi J. Guðmundssyni formanni Dagsbrúnar og einum þekktasta verkalýðsforingja fyrr og síðar en þeir höfðu þá tekið upp þann sið að drekka morgunkaffi saman. Með þeim náðist að draga verðbólguna niður en einnig að ná umtalsverðum kjarabótum. Í dag stefnir í svipað efni og í aðdraganda júnísamkomulagsins og þjóðarsáttarsamninganna. Harka í kjaradeilum vex dag frá degi og menn greinir á hvort kjarabótum verði náð með krónutöluhækkunum eða prósentuhækkunum, einhverju öðru eða engu.

Forystumenn verkalýðssamtaka og atvinnurekenda eiga nú leik að stjórnvöldum ógleymdum. Leik sem leitt gæti til lausna. En til þess þarf vilja. Stjórnvöld geta ekki setið aðgerðarlaus og horft út um glugga eins og þau virðast nú gera. Hjörtun slá eins í Súdan og Grímsnesinu kvað Tómas Guðmundsson sem stundum var kallaður borgarskáld Reykvíkinga. Nú slá hjörtun líkt og fyrir 50 og 25 árum. Nú vorar seint eins og þá en menn báru gæfu til þess að leysa vandann - en hvað verður nú?

www.breiðholt.is

BREIÐHOLTSHLAUP

Hið árlega
Breiðholtshlaup Leiknis
verður haldið fimmtudaginn
14. maí kl. 11:00

Hlaupið verður frá Leiknishúsinu,
Austurbergi 1, um Elliðaárdal og Efra-
Breiðholt.

Skemmtiskokk, 5 km og 10 km

Heppnir þátttakendur frá miða í Color Run hlaupið og
annan glaðning

Frítt í sund að loknu hlaupi!

Tökum daginn frá!

Við hvetjum alla Breiðholtsbúa til að mæta og
taka þátt.

Þátttökugjald: Fullorðnir 1.000 kr. og börn 500
kr. Fjölskyldugjald 2.000 kr.

Nánari upplýsingar á www.leiknir.com



Stolt Breiðholts



Útfarar- og lögfræði- þjónusta

Önumst alla þætti
þjónustunnar með virðingu
og umhyggju að leiðarljósi



Elin Sigrún Jónsdóttir
framkvæmdastjóri

Þorsteinn Elísson
útfararþjónusta

Snævar Jón Andrésson
útfararþjónusta

Hugrún Jónsdóttir
útfararstjóri

Rósa Kristjánsdóttir
útfararstjóri

Guðmundur Baldvinsson
útfararþjónusta

Jón G. Bjarnason
útfararþjónusta

Ellert Ingason
útfararþjónusta

Katla Þorsteinsdóttir
lögfræðipjónusta

Gestur Hreinnson
útfararþjónusta

Við þjónum allan sólarhringinn
Vesturhlíð 2 - Fossvogi - Sími: 551 1266 - www.utfor.is



Sæktu sumarið í Garðheima

15 TIL 30% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM GRILLUM

TÍMI SUMARBLÓMANNA ER AÐ RENNA UPP
FYRSTU SUMARBLÓMIN VILJA SKJÓLGÓÐAN OG SÓLRÍKAN STAÐ

Erlendu kartöfluútsæði
10kg blákorni og túrbókalki

20%

ÖLL ÁVAXTATRÉ
20% AFSLÁTTUR

FULLUR GARÐSKÁLI AF FALLEGUM PLÖNTUM

GÓÐ RÁÐ GARÐHEIMA
GOTT ER AÐ LEYFA LÍFRÆNUM ÁBURÐI AÐ BROTNNA
UPP Í JARÐVEGINUM ÁÐUR EN SETT ER NIÐUR

OPIÐ
FRÁ 10:00 TIL 21:00
Á UPPSTIGNINGARDAG



GARÐHEIMAR

Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

VIÐTALIÐ

Held að eitt stórt sveitarfélag yrði dýrara í rekstri

„Breiðholtið er skemmtilegt hverfi og þar hafa margir áhugaverðir hlutir verið að gerast að undanfögnu. Ég var svolítið í Breiðholti þegar ég var 16 til 18 ára og líkaði vel. Það á sér sína sögu eins og aðrar byggðir og er þetta borgarhverfi þar sem fólk hefur virkilega áhuga á að setjast að og búa. Ég tel að Breiðhyltingar geti borið höfuðið hátt og verið stolt af sínu hverfi,“ segir Halldór Halldórsson borgarfulltrúi og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga í samtali við Breiðholtsblaðið.

Halldór segir að þótt margt hafi verið að gerast í Breiðholti séu verkefni ekki urin upp og enn eigi eftir að huga að ýmsu til hagsbóta fyrir íbúana en gleðilegt sé að sjá verkefni á borð við líkamsræktaraðstöðu og fleira verða að veruleika en borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu upphaflega fram tillögu um það. „Bætt aðstaða skapar betri árangur og stolt sem því fylgir. Það er mjög gaman að fylgjast með Leikni sem nú er komið í úrvalsdeild í fótboltanum. Margt á eftir að gera varðandi aðstöðusköpun fyrir íþróttafélögin og heyrir ég oft á ÍR-ingum að þeim þykir þið eftir íþróttahúsi orðin löng. Nú hefur frekari ákvörðun verið frestað til 2017 með samkomulagi borgarinnar við aðalstjórn félagsins. Við lögðum til að fela ÍR rekstur íþróttahúsanna við Seljaskóla og Áusturberg og úr því var unnið og kemur vonandi vel út fyrir alla aðila. Við lögðum einnig fram tillögu um að vinna nýjan frjálss-íþróttavöll fyrir félagið og það er í undirbúningi.“

Mikilvægt að fólk fylgist með hverfisSKIPULAGINU

Halldór segir að verið sé að setja af stað vinnu við hverfisSKIPULAG fyrir Breiðholtið og vill hvetja íbúana til þess að fylgjast vel með og koma sjónarmiðum sínum á framfæri. „Ég tel nauðsynlegt að Breiðhyltingar leggi sínar hugmyndir fram og að þær komist inn í þá vinnu sem á sér stað við skipulagsgerðina. Þótt Breiðholtið sé að mestu byggt muna eðlilega koma fram ýmsar hugmyndir í hverfisSKIPULAGSVINNUNNI sem ég er ekki viss um að allir íbúar séu sáttir við. Það er líklegt að þar komi fram hugmyndir um að nýta svæðið fyrir neðan Stekkjarbakkann fyrir íbúðabygð. Það hefur sýnt



Halldór Halldórsson borgarfulltrúi og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga á sér löng tengsl við sveitarstjórnarmálin. Hann var bæjarstjóri á Ísafirði um árabíl. Tók við formensku í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga af Vilhjálmí Þ. Vilhjálmssyni fyrrum borgarfulltrúa og borgarstjóra í Reykjavík og sinnir nú starfi borgarfulltrúa í Reykjavík jafnfram formennskunni hjá sambandinu. Myndin var tekin þegar hann ávarpaði landsfund Sambands ísl. sveitarfélaga fyrir nokkru. Mynd IH.

sig að skoðanir um það mál eru nokkuð skiptar og fyrir sumum er það viðkvæmt. Margir íbúar sem ég hef rætt við, sérstaklega í Neðra Breiðholti líta svo á að byggð neðan Stekkjarbakka skyggi á útsýnismöguleika þeirra og einnig eru uppi sjónarmið um að alls ekki eigi að byggja nær Elliðaárdalnum en gert hefur verið og þá einum af umhverfisástæðum. Ég minnst þess að það fór ekki vel í fólk þegar hugmyndir komu fram um að reisa slökkvistöð á þessu svæði. Ég veit þó að það eru ekki allir sem vilja halda þessu svæði alfarið grænu og telja vel mögulegt að reisa lágreista byggð þarna hvort sem menn vilja kalla hana byggð á bökkum

Elliðaáanna eða eitthvað annað. Þessi sjónarmið verða öll að koma fram og það verður að taka mið af þeim við skipulagsvinnuna.“ Halldór segir ekkert óeðlilegt við að fólk vilji hafa græn svæði í kringum sig. „Það er ekki bara sveitamaðurinn í okkur Íslendingum sem kallar eftir því. Hvarvetna þar sem maður fer um heiminn og hversu þétt sem byggð er má sjá græn svæði reyndar misjafnlega stór en viðast hvar græna bala þar sem fólk getur sest niður með gras við fætur sér. Meira að segja í New York þeirri þétt byggðu borg er að finna stór græn svæði. Einnig í London og mörgum öðrum þéttbyggðum og fjölmennum borgum. Þetta er bara hluti af því

að halda heilsu og nú á tímum þegar áhersla er lögð á lýðheilsu megum við ekki vinna gegn því með húsbyggingum hvar sem sést í grænt gras þó þétting byggðar sé líka verðugt viðfangs-efni enda fylgir byggð og það þétt byggð því að búa í borg.“

Endurbætur á Breiðholtsskóla mikilvægar

Uppbyggingu hverfa lýkur aldrei,“ segir Halldór. „Þótt búið sé að fylla alla byggingafleti er margt sem þarf að huga að og endurhugsa í sátt við íbúana. Bæði viðhaldi mannvirkja og einnig að allri uppbyggingu innviða samfélagsins. Ég get nefnt

lagfæringar á Breiðholtsskóla sem dæmi um verk sem þolir enga bið. Þetta er elsta skólabyggingin í Breiðholti – komin á fimmta áratuginn og þótt hún hafi þjónað vel í bráðum hálföld þarfnast hún sárlega endurbóta. Nokkuð er farið að rofa til í því efni en þessu verki verður að halda áfram og ljúka því eins fljótt og nokkur kostur er. Það eru orðin kynslóðaskipti í Breiðholti og fólk með börn er að setjast þar að í auknum mæli eftir því sem húsnæðis losnar og kemur í sölu. Breiðholtið rétt eins og önnur hverfi fer í gegnum sveiflur í mannfjölda. Ég tel að verkefni á borð við Breiðholtsskóla verði að komast fremst í forgangs röðina þótt af ýmsu öðru sé að taka.“

Heppin með fólk sem hefur flutt hingað

Talið berst að fjölmenningu og því fjölmenningsamfélagi sem hefur þróast í Breiðholti. „Við eigum að fagna þessari þróun,“ segir Halldór. „Flestar borgir í heiminum byggjast á fjölmenningu. Þar býr fólk með uppruna í flestum heimshlutum og frá flestum menningarsvæðum. Reykjavík er engin undantekning að því leyti og við eigum að stuðla að sem fjölbættastrí blöndun í borginni. Ég tel að við höfum verið heppin með það fólk sem hefur flutt hingað á umliðnum árum og sest hér að. Margt fólk hefur flutt með sér áhrif sem vantaði í okkar samfélag og mér kemur þá matar- og veitingamenningin til hugar því það er svo sýnilegt. Ég er ekki viss um að við hefðum geta tekið sómasamlega á móti þeim mikla fjölda ferðafólks sem kys að leggja leið hingað til lands ef við hefðum ekki fengið hingað fólk frá öðrum löndum og getum nú miðlað gestum okkar af margbreytilegi matar- og veitingamenningu.“

Ársreikningurinn sýnir skelfilega niðurstöðu

Frá Breiðholtiinu berst talið að fjármálum og rekstri Reykjavíkurborgar en fram hefur komið að A-hluti borgarsjóðs var rekinn með 2,8 milljarða króna halla á síðasta ári en gert var ráð fyrir að afkoma yrði jákvæð um 488 milljónir króna. Þetta þýðir að afkoma A-hluta er lakari um 3,3 milljarða en gert var ráð fyrir. Þá er rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs neikvæð um 7,1 milljarð króna

ora
Ástríða í matargerð

NÝTT FRÁ ORA
Prófaðu síld í dillsósu og chilli síld
fæst í helstu verslunum

en gert var ráð fyrir að hún yrði neikvæð um 5,1 milljarð króna sem er 1,9 milljörðum króna lakari niðurstaða en gert var ráð fyrir. Til samanburðar var afkoma A-hluta jákvæð um þrjú milljarða árið 2013 og afkoma Aðalsjóðs jákvæð um 64 milljónir sama ár. „Ársreikningur 2014 sýnir skelfilega niðurstöðu A-hlutans sem er allur helsti rekstur borgarinnar, annar en fyrirtækja í B-hluta, fjármagnaður með skatttekjum. Aðalsjóður er rekinn með 7,1 milljarða kr. halla á árinu 2014. Og það er ekki eins og þetta sé einhver hliðarstarfsemi borgarinnar eins og nafn sjóðsins ætti reyndar rækilega að undirstrika. Þetta er öll helsta starfsemi. Þarna unnu að meðaltali 6.559 starfsmenn á árinu 2014. Veltan er 85 milljarðar í aðalsjóði þegar heildarvelta samstæðunnar allrar að meðtalinni Orkuveitu er 133 milljarðar. Þetta eru sláandi tölur sem segja okkur að það er eitthvað mikið að í rekstri Reykjavíkurborgar þegar útgjöld aðalsjóðs aukast um 9,8 milljarða kr. á milli ára. Tapið á aðalsjóði Reykjavíkurborgar er jafnhá tala og heildartekjur Mosfellsbæjar sem er í hópi stærstu sveitarfélaga landsins,“ segir Halldór

Forgangsráða verður hverfauppbyggingunni með öðrum hætti

Halldór segir að aukin hverfaþjónusta sé eitt og uppbygging hverfanna annað. „Mér finnst að forgangsráða verði með öðrum hætti hvað hverfauppbygginguna varðar en verið hefur. Þótt nauðsynlegt sé að þetta byggð og nýta betur það byggingarland sem við höfum víðs vegar um borgina þá getum við ekki horfið frá uppbyggingu nýrra borgarhverfa því fólk þarf að hafa raunverulegt val um hvar það setur sig niður innan borgarinnar og hvernig það vill búa. Við þurfum ekki annað en að horfa yfir Breiðholtið í dag til þess að sjá árangur af slíkri uppbyggingu. Þarna er eitt best afmarkaða og öflugasta hverfi borgarinnar með liðlega 20 þúsund íbúa. Og þótt hrúnið hafi tafið ýmsar nauðsynlegar framkvæmdir á borð við uppbyggingu Úlfarsárdalsins þá getum við ekki slegið þeim endalaust á frest, það snýst um forgangsröðun.“ Halldór segir okkur verða tíðrætt um dreifða borg en það liggja ýmsar ástæður að baki því hvernig Reykjavík byggðist upp. „Byggðin þræddi hæðir í landslaginu en mýrarnar voru skildar eftir því menn höfðu ekki nægilega öflug tæki til framræslu. Svo áttu stríðsárin nokkurn þátt í því þar sem hernaðarleg mannvirki þöktu ýmis svæði sem ekki var hægt að taka til borgaralegrar notkunar meðan á stríðinu stóð og eftir það. Það liggja því bæði landfræðilegar og ekki síður sagnfræðilegar ástæður að baki byggingarsógu Reykjavíkur. En byggðin er að þéttast og það er eðlileg þróun. Um leið þarf fólk að geta fengið lóðir í úthverfum því það eru ekki allir eins og það vilja ekki allir búa eins.“

Óttast að stórt sameinað sveitarfélag yrði dýrara í rekstri

Þá að höfuðborgarsvæðinu sem heild. Nokkuð hefur verið rætt um hvort hagkvæmt eða skynsamlegt geti verið að fækka sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu með sameiningum eða jafnvel að sameina það í eitt. Hvað segir Halldór um þessar hugmyndir eða telur hann aukna samvinnu ef til vill hentugri kost en að fara í svo róttækar breytingar sem stór sameining yrði og erfitt að sjá fyrir hvaða afleiðingar myndi hafa. Halldór segir að samstarf sveitarfélaganna á

höfuðborgarsvæðinu hafi verið að aukast í gegnum SSH. „Við erum nú þegar með nokkur samrekstrarverkefni og má benda á almenningsgöngurnar og sorpmálin sem dæmi um það. Strætó og Sorpa eru samstarfsverkefni og einnig má nefna ferðaþjónustu fatlaðra þar sem sveitarfélögin starfa saman að Kópavogskaupstað undanskildum. Þá er einnig verið að leggja lokahönd á sameiginlegt svæðisskipulag fyrir höfuðborgarsvæðið. Ég tel að samstarfið sé að þéttast en sé enga sameiningu í kortunum. Menn hafa verið að víðra hugmyndir um breytingar á sveitarfélagaskipaninni af og til en ég veit ekki hversu djúpt þær ná. Víða um landið þarf að sameina sveitarfélög en sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu eru öll

þokkalega stór á íslenskan mælikvarða. Ég hef velt þessu fyrir mér og er þeirrar skoðunar að það þurfi að vera ákveðin samkeppni til staðar á milli sveitarfélaga á þessu svæði. Ég dreg mjög í efa að stór sameining myndi lækka kostnað við rekstur – hann gæti þvert á móti aukist. Ekki síst af þeim sökum er ég að efast um ávinning af slíkri sameiningu. Ef hún yrði til þess að taka þyrfti meira af skattfé almennings í reksturskostnað væri illa farið af stað. Ég fæ ekki betur séð en að bæjarfélögin sem mynda höfuðborgarsvæðið utan um Reykjavík séu ekki verr rekin og oftast betur en Reykjavíkurborg. Hagkvæmni stærðarinnar virðist ekki nýtast borginni nú um mundir og oft er hægt að ná góðum árangri í minni samfélögum. Ég hef velt

því fyrir mér hvort unnt væri að reka borgina með hagkvæmari hætti - hvort vinna mætti þjónustuna í hverfunum enn betur og á hagkvæmari hátt en við gerum í dag. Við erum með þjónustumiðstöðvar en samt mismunandi þjónustu eftir hverfum, mislanga biðlista o.s.frv. Það er mikilvægt að vera með þjónustuna sem næst íbúunum en um leið þarf jafnræði meðal borgarbúa.“

Fleiri borgarfulltrúar – meiri hverfisáhersla

Nú blasir við í samræmi við sveitarstjórnarlög að borgarfulltrúum muni fjölga úr 15 í 23 á næsta kjörtímabili. Hvaða skoðun hefur Halldór á því máli. „Mér persónulega finnst þetta alltof bratt en það þyrfti

lagabreytingu til að snúa því við. Við þurfum að skoða í samhengi við fjölgun borgarfulltrúa meiri áherslu á hverfin. Jafnvel að hluti borgarfulltrúa komi úr ákveðnum hverfum.“ Þegar Halldór er inntur eftir því hvort eitt sveitarfélag á höfuðborgarsvæðinu sem teldi meira en tvo þriðju hluta þjóðarinnar hefði afgerandi áhrif á ríkið, samskipti ríkis og sveitarfélag og jafnvel á landsbyggðina kvaðst hann ekki hafa áhyggjur af því „Ég held að stór sameining á höfuðborgarsvæðinu myndi ekki breyta miklu um það. Ég hef miklu meiri áhyggjur af því rekstur slíks sveitarfélags myndi auka kostnað við þá þjónustu sem sveitarfélögin veita og einnig er erfitt að sjá fyrir hvernig þjónustustarfsemin myndi þróast í slíku sveitarfélagi. Ég held að það yrði ekki gott fyrir íbúana.



Ný og spennandi sumarnámskeið ÍR

Námskeiðin eru deildaskipt, íþróttadeild og leikja/listadeild
Íþróttafraeðingarnir Sigríður Fanndal og Óðinn Björn Þorsteinsson stjórna námskeiðunum
Heitur matur í hádeginu

Nánari upplýsingar, skráning og greiðsla á www.ir.is og síma 587-7080

SUMARGAMAN ÍR (heill dagur f.2006-2009)

Vikunámskeið frá kl. 9:00-16:00 á ÍR-svæðinu



Námskeið	Gjald:	Matargjald: (val)
1. Námskeið 15.-19. júní	9.500 kr.	5.000 kr
2. Námskeið 22.-26. júní	9.500 kr.	5.000 kr
3. Námskeið 29. júní - 3. júlí	9.500 kr.	5.000 kr
4. Námskeið 06. - 10. júlí	9.500 kr.	5.000 kr
5. Námskeið 13.- 17. júlí	9.500 kr.	5.000 kr
6. Námskeið 20.- 24. júlí	9.500 kr.	5.000 kr
7. Námskeið 27.- 31. júlí	9.500 kr.	5.000 kr
8. Námskeið 4. júlí - 7.ágúst	9.500 kr.	5.000 kr
9. Námskeið 10. - 14.ágúst	9.500 kr.	5.000 kr

Gæsla fyrir og eftir námskeið frá 8:00-9:00 og 16:00-17:00



SUMARGAMAN ÍR (hálfur dagur f.2006-2009)

Vikunámskeið fyrir eða eftir hádegi á ÍR-svæðinu



Námskeið	Gjald:	Matargjald: (val)
1. Námskeið 15.-19. júní	6.000 kr.	5.000 kr
2. Námskeið 22.-26. júní	6.000 kr.	5.000 kr
3. Námskeið 29. júní - 3. júlí	6.000 kr.	5.000 kr
4. Námskeið 6. júlí - 10. júlí	6.000 kr.	5.000 kr
5. Námskeið 13. - 17. júlí	6.000 kr.	5.000 kr
6. Námskeið 20. - 24. júlí	6.000 kr.	5.000 kr
7. Námskeið 27. - 31. júlí	6.000 kr.	5.000 kr
8. Námskeið 4. júlí - 7.ágúst	6.000 kr.	5.000 kr
9. Námskeið 10. - 14.ágúst	6.000 kr.	5.000 kr

Gæsla fyrir og eftir námskeið frá 8:00-9:00, 12:00-13:00 og 16:00-17:00



Einnig fjölbreytt úrval íþróttanámskeiða fyrir 10-14 ára börn í knattspyrnu, frjálisíþróttum, handknattleik og körfuknattleik



„Vorverk“ í Nýlistasafninu

Vorkoman hefur löngum verið Íslendingum hugleikin. Þráin eftir betri tíð hefur oft einkend hugleiðingar listamanna hvort sem um er að ræða ritlistina eða myndlist. Vorkoman getur birst einstaklingum með ýmsum hætti. Fyrir einum er hún hlýrri tíð og aukin útivist. Sumir taka reiðhjólíð fram en aðrir leggja dýpri merkingu í þessi oft tilkomumiklu árstíðaskipti frosta og fanna og birtu og yls. Ein þeirra er Kristín Helga Káradóttir myndlistarmaður sem opnar sýninguna Vorverk í sýningarsal Nýlistasafnsins (Nýló) við Drafnarfell föstudaginn 14. maí næst komandi. Kristín hefur að undanförunni unnið að undirbúningi sýningarinnar. Hún hefur farið um Efra Breiðholt. Grandskoðað umhverfið með augum gestsins eins og hún kemst að orði og rætt við íbúa og aðra sem tengjast þessari byggð og samfélagi.

Heimspækilegra hugleiðinga hefur oft gætt í verkum Kristínar Helgu í gegnum tíðina en hún er bæði menntaður hjúkrunarfræðingur og myndlistarmaður. Hún hefur í verkum sínum varpað fram spurningum um tilgang tilverunnar. Spurt á hvað leið við séum. Hvað knýi okkur áfram. Hvort undirvitundin sé þar að verki og hvernig framvandan getið orðið með óvæntum hætti. Þessi upptalning er ekki tæmandi vegna þess að með hverri sýningu er eins og nýjar spurningar eða hugleiðingar komi fram. Á sýningunni sem opnuð verður

á föstudaginn kemur fram hvers hún hefur orðið áskynja í leiðangri sínum um það sem fyrir henni voru ókunnar slóðir. Breiðholtsblaðið leit við í Nýló á dögnum og hitti Kristínu Helgu að máli.

Vísar til náttúrunnar og vorsins í okkur sjálfum

„Þegar til þess kom að ég myndi sýna hér í Nýló á vordögum var fyrsta hugsun mín að gerast innflytjandi eða nýbúi í byggðinni um stund. Ég flutti reyndar heimilið ekki hingað upp eftir en hef dvalið hér mikið við áhorf á umhverfið, öflun heimilda og annan undirbúning. Ég þekkti mjög lítið til þessa byggðarluta áður en ég hóf undirbúning minn eða rannsókn og hafði einna helst heyrt neikvæða umræðu og dóma um byggðina sem bæði gátu byggst á þekkingarleysi eða hreinum fordómum sem gengið hafa manna á meðal. Ég ákvað einnig að nýta mér árstíðina – vorkomuna og tengja sýninguna við vorverkin bæði í eiginlegri og óeiginlegri merkingu. Vorkoman kallar eftir gróðri og fólk fer að huga að gróðurreitum eða leita út í náttúruna en hún tekur einnig til tilfinninga í lífi margra. Nafnið á sýningunni dregur þetta þema hennar fram í dagsljósið. Nú höfum við búið við harðan vetur og þá verður vorþráin sterkari. Tilhlökunin meiri. Vorverk vísa því bæði til náttúrunnar og vorsins í okkur sjálfum. Hvernig mannhugurinn upplifir þessa árstíðabundnu

breytingu. Þetta urðu mér hugleiðingar og ég ákvað að vinna með þær í sýningunni.“

Grámygluleg vetrarstemning breytist í vor

Þegar Kristín Helga kom fyrst upp í Efra Breiðholt á dögnum til að undirbúa verk sitt lá veturinn yfir öllu. Allt var hvítt og grái liturinn í kringum höfuðstöðvar Nýló í gamla Breiðholtsbakarínu áberandi. Til hliðar er verið að reisa íbúðablokk og grá steinsteypan bætti um þessa grámyglulegu vetrarstemningu. Kristín Helga segist hafa verið eins fjarlæg náttúrunni á þessu augnabliki og unnt var. „Og þá fór ég að hugsa um hvernig væri hægt að tengjast náttúrunni við þessi skilyrði og þá kemur vorkoman til. Með vorinu vaknar þráin eftir náttúrunni.“ Kristín Helga segir að starf einrykjans blandist einnig inn í þessar vangaveltur. „Listamaðurinn er einryki hvort sem hann er staddur í vinnustofu sinni eða í sýningarsalnum – jafnvel í garðinum heima hjá sér. Hann er einn að tjá sig og sýnar hugsanir hvernig sem hann kys að beita myndmálinu til að koma þeim á framfæri. Ég rækta til dæmis kartöflur heima í garði. Hluti af vorkomunni eru að láta þær spíra og undirbúa þær fyrir sáningu svo uppskera fáist að hausti.“

Fjölpjóðaleiki í Breiðholti

Kristín Helga segist hafa uppgötvað ýmislegt í athugunum sínum í Breiðholti. „Ég ákvað að gerast landkönnuður. Eitt af því fyrsta sem ég rak mig á er hversu byggðin er margbreytileg og hvað margt er orðið gróið. Hvað húsagerðarlistin er fjölskrúðug og



Eitt vorverkanna eru tiltekt og hreingerning. Hér er Kristín Helga með kústin á stéttinni fyrir framan Nýló að sópa burt kunnugum skugga vetrarins. Sandinum sem borinn er á stéttar til þess að draga úr hálfu.

íbúarnir eru ekki aldeilis einsleitir. Hér býr fólk af mörgum þjóðernum sem hefur valið Breiðholtið sem búsvæði. Þetta fólk hefur flutt með sér margbreytilega menningu en margt af því hefur einnig tileinkað sér menningarlegan arf þess samfélags sem það er komið til þess að búa í. Fjölmeningin er mjög áhugaverð og þá gerir maður sér grein fyrir því hversu maður sjálfur er einangraður. Ég gerði mér ekki grein fyrir fjölpjóðaleikanum hér áður en ég fór að vinna að þessu verki. Ég hafði samband við nokkrar konur af erlendum uppruna til þess að taka þátt í gjörning – samtali þeirra við mig. Þar verð ég komin með alþjóðlegan anda inn í íslenska vorið. Ég ætla líka að nýta mér viðtal við ömmu mína sem Þórður Tómasson safnstjóri í Skógum tók við hana fyrir löngu og hún ræddi meðal annars um íslenskan vefnað. Amma mín

lést 1966 nokkru áður en ég fæddist og með því að vitna til hennar er ég að tengja tilvist kvenna saman. En aðal þema mitt er vorið og vorkoman sem ég tengi síðan við þennan hluta Breiðholtsins ásamt ýmsu öðru sem sem getur á einn eða annan hátt tengst vorkomunni.“

Tvær flugur í einu höggi

Þess má geta að auk sýningar Kristínar Helgu Káradóttur í Nýló verður stór gjörningur í safninu daginn eftir opnun hennar þann 15 maí. Gjörningurinn er alls ótengdur sýningunni en er í tengslum við Listahátíð þar sem listamaðurinn Steinunn Gunnlaugsdóttir býður Breiðholtsbúum upp á stærðarinnar súkkulaðiköku. Breiðhyllingar og aðrir geta því slegið tvær flugur í Nýló í einu höggi þann dag. Skoðað sýningu Kristínar Helgu og fengið sér súkkulaðiköku Steinunnar.

Eitt kort
38 vötn
6.900 kr

www.veidikortid.is





www.veidikortid.is

00000 NI

Aldrei fleiri vötn!

Fuglar og fígúrir úr fiskibeinum

Handverks- og listamaðurinn Phillippe Ricart kynnir hvernig fiskibein eru notuð sem efniviður í fingerð listaverk fyrir gestum og sýnir í hverju galdur þeirra felst í handverkskaffi maímánaðar í Gerðubergi. Hann segir frá því hvaða fiskibein henta, hvernig beinin eru unnin og hvaða verkfæri eru notuð til verksins. Á staðnum verða sýnishorn af fiskibeinum, listmunum á ýmsum vinnslustigum og tilbúnum munum.

Phillippe Ricart er franskur en hefur búið hér á landi í áratugi. Hann er fjölhæfur lista- og handverksmaður sem hannar og framleiðir margskonar listmuni og nytjahluti á vinnustofu sinni í Háholti 11 á Akranesi. Phillippe er meðal annars þekktur fyrir útsaumsmyndir, spjaldvefnað, jurtaglitun og verk úr tré og járn. Í vinnu sinni leggur hann meðal annars áherslu á að halda við gömlu íslensku handverki og á að nota íslenskt hráefni eins og kostur er. Phillippe hefur haldið fjölda sýninga á verkum sínum og tekið þátt í samsýningum með öðrum listamönnum.



Tveir fuglar úr fiskibeini úr smiðju Phillippe Ricart.

Komdu í þægilegt og gott umhverfi
við tökum vel á móti þér

Næg bílastæði
VELKOMIN

Mjóddin

Sumarstarf Miðbergs

Sommer activity
2015

Sumarfrístund fyrir börn f. '05-'08
Children born '05-'08

Ævintýranámskeið á öllum frístundaheimilum
Adventure courses

Skráning á rafraen.reykjavik.is



Sumarsmiðjur fyrir börn f. '02-'04
Children born '02-'04

Hálfs- og heildagsnámskeið
half-and whole day courses

Skráning á rafraen.reykjavik.is



Smíðar, sköpun og útvíst ('02-'04)
Children born '02-'04

Skráning á rafraen.reykjavik.is



Opnanir í félagsmiðstöðvum ('99-'01)
Opening hours for teenagers

mánud&miðvikud. kl.14:00-17:00
Mánud&miðvikud&föstudag kl.20:00-23:00



Aðstoð við skráningar
og fleiri upplýsingar
fást hjá Miðbergi.

S. 411-5750

www.midberg.is og
fristund.is

fristund.is
midberg.is



Fyrsta heilsueflandi hverfið í Reykjavík

Undirritun borgarstjóra 22. apríl s.l. markar tímamót í hverfinu með yfirlýsingu um að Breiðholt muni hrinda af stað vinnu um heilsueflandi samfélag og verða þar með leiðandi hverfi í borginni öðrum hverfum til fyrirmyndar á komandi misserum.

Heilsueflandi Breiðholt er þróunarverkefni sem hefur það markmið að stuðla að heilbrigði og velferði í samfélaginu. Stefnt er að stofnanir og félagsamtök í hverfinu skapi heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði íbúa frá ýmsum hliðum. Aðgerðaráætlun verkefnisins mun innihalda útfærslu Breiðholts á forvarnastefnu Reykjavíkurborgar sem mun ná til flestra stofnana í hverfinu og þar með allra aldursþópna, barna, unglunga, fullorðinna og aldraðra.

Framtíðarsýn í forvarnastefnu Reykjavíkurborgar fyrir 2014 til 2019 er heilsueflandi samfélag og að fólk tileinki sér heilbrigðan lífsstíl. Heilsueflandi Breiðholt hefur það markmið að innleiða forvarnastefnuna með því að þróa með stofnunum og fólkinu í hverfinu samfélagslegan ramma utan um markvissa heilsueflingu. Verkefnastjóri frístunda- og félagsauðs á þjónustumiðstöð Breiðholts hefur umsjón með verkefninu og leiðir vinnu við aðgerðaráætlun. Leitað hefur verið eftir samstarfi við alla hagsmunahópa í hverfinu m.a. við leik-, grunn- og framhaldsskóla, félagsamtök og frístundamiðstöðvar ungmenna, íþróttafélög, félagsstarf eldri borgara og heilsugæsluna. Stofnanir, félagsamtök, foreldrar og nemendur í hverfinu hafa komið að vinnu við að greina ástands hverfisins og um útfærslu á aðgerðaráætlun fyrir sína stofnun.

Heilsueflandi skólar

Heilsueflandi skólar er verkefni á vegum Embætti landlæknis og byggir á þeirri stefnu að nálgast forvarnir út frá jákvæðu og víðtæku sjónarhorni með það að markmiði að stuðla að aukinni hreyfingu, hollri næringu, bættri andlegri líðan og jákvæðum lífsstíl. Verkefnið veitir auk þess tækifæri til að efla tengslin við nærsamfélagið og veitir nemendum og starfsfólki stuðning og tækifæri til að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl. Stefnt er að því að allri grunnskólar, leikskólar og framhaldsskólinn í Breiðholti verði Heilsueflandi skólar. Sérstakt Reykjavíkurlíkan af Heilsueflandi skólum verður innleitt til að auðvelda og styðja við innleiðinguna á heilsueflandi skólum. Aðaláhersla í verkefninu er á fjóra þætti, næringu, hreyfingu, líðan og lífsstíl. Unnið verður með afmarkaða þætti í einu á hverju skólaári og hver skóli ákveður í hvaða röð þættirnir eru teknir fyrir.

Heilsueflandi frístundamiðstöðvar, frístundaheimili, íþróttafélög, félagsamtök, stofnanir og félagsstarf eldri borgara

Heilsueflandi Breiðholt er ætlað að ná til allra stofnana í hverfinu með markmið að heilsueflandi samfélagi. Stofnanir og félagsamtök í hverfinu gegna mismunandi hlutverki í forvarnaverkefninu, en eiga þó sameiginlegt að vera mikilvægur hlekkur í forvörnum. Höfuð áhersla forvarnaverkefnisins Heilsueflandi Breiðholt er á fjögur viðfangsefni, þ.e. næringu, hreyfingu, líðan og lífsstíl. Stofnanir og félagsamtök munu einbeita sér að ákveðnum viðfangsefnum í verkefninu eða einstökum



Frá undirritun yfirlýsingar um Heilsueflandi Breiðholt. Frá vinstri Nichole Leigh Mosty formaður hverfisráðs, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Óskar Dýrmundur Ólafsson hverfisstjóri.

þáttum innan þess. Íþróttafélögin í hverfinu eru t.d. í lykhillutverki í hreyfinga þættinum auk þess eru íþróttafélögin mikilvægur áhrifa-valdur í líðan þáttakenda, þar sem rannsóknar hafa ítrekað sýnt fram á að hreyfing hefur jákvæð áhrif á andlega líðan og stuðlar að betri næringu. Forvarnargildi íþróttastarfsins á sviði reykinga og vímuefnavarna er vel þekkt. Í félagsstarfi aldraðra er mikilvægt að leggja áherslu á hreyfingu til að auka lífsgæði fólksins. Þjónustumiðstöðin í hverfinu vinnur þverfaglega með hinum ýmsu stofnunum í öllum viðfangsefnum verkefnisins. Starfið beinist á að minnka áhættuhegðun barna og ungmenna, skimun og setja af stað íhlutunarverkefni. Frístundamiðstöðvar og frístundaheimili vinna í samstarfi við grunnskólana í hverfinu og vinna að margvíslegum forvörnum sem falla að viðfangsefnum fjórum.

Breiðholtsríður á vaðið í innleiðingu á Heilsueflandi hverfum í borginni

Á hverfafundi 22. apríl s.l. undirritaði borgarstjórinn í Reykjavík Dagur B. Eggertsson, hverfisstjóri Óskar Dýrmundur Ólafsson og formaður hverfisráðs Nichole Leigh Mosty yfirlýsingu um Heilsueflandi Breiðholt. Þar með var verkefninu hleypt af stokkunum í Breiðholtinu. Í framhaldinu verður unnið áfram með félagsamtökum og stofnunum í hverfinu og mun innleiðingin hefjast næsta haust.

Heilsueflandi umhverfi bætir líðan

Sú heildstæða stefna sem verið er að hrinda af stað með verkefninu Heilsueflandi Breiðholt byggja á rannsóknum sem sýna að heilsueflandi umhverfi bætir líðan íbúa og stuðlar að bættum námsárangri barna og unglunga og dregur úr brottfalli þeirra úr skóla og frístundum.

Með verkefninu Heilsueflandi Breiðholt sem inniheldur helstu áhersluþætti landlæknis er lagt af stað í uppbyggingu á heilsueflandi samfélagi í hverfinu. Verkefnið mun rúlla að stað af krafti með haustinu. Stefnt er að því að allir sem vinna að stefnumótun og þjónustu setji heilsu og heilsueflingu í forgrunn og búi þannig til aðgengi og heilsteypta umgjörð, sem gerir íbúum hverfisins kleift að taka heilsusamlegar ákvarðanir. Þegar fólk samstillir krafta sína getur svo margt gerst. Við hvetjum íbúa, skóla, fyrirtæki, stofnanir og félagsamtök til að sameinast í verkefninu og taka þar með þátt í uppbyggingu á heilsueflandi samfélagi í Breiðholti.

Dr. Þórdís Lilja Gísladóttir
Verkefnastjóri frístunda og félagsauðs í Breiðholti.

Fleiri íbúðir fyrir eldri borgara í Suður-Mjódd

Fyrirhugað er að byggja fjölbýlishús með allt að 50 íbúðum við Árskóga 1 til 3 í suður Mjódd í Breiðholti. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður Félags eldri borgara undirrituðu viljayfirlýsingu í frístunda- og félagsmiðstöðinni í Árskógu, 22. apríl sl.

Dagur segir að áður en langt um líði munu stórir árgangar eldri borgara þurfa á íbúðum að halda. Því sé mikilvægt að ríki og sveitarfélög um land allt séu meðvituð um þörfina. Kortlagt hafi verið hjá Reykjavíkurborg hvar og hvenær íbúðir fyrir eldri borgara munu rísa. Fimmtíu slíkar séu nú í kortunum í Breiðholtinu og þessi áform eru hluti af húsnæðisáætlun borgarinnar. Gildistími viljayfirlýsingarinnar er tvö ár frá undirritun hennar, en að þeim tíma liðnum áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að úthluta viðkomandi lóð með byggingarrétti til annarra uppbyggingaraðila hafi ekki verið gefið út úthlutunarbréf vegna lóðarinnar. Í leigusamningum um lóðina skal vera kvæð um byggingu og rekstur íbúða fyrir eldri borgara í samræmi við sérskilmála Reykjavíkurborgar um úthlutun lóða til félaga og



Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Þórunn Sveinbjarnardóttir formaður Félags eldri borgara undirrituðu viljayfirlýsingu.

samtaka eldri borgara fyrir íbúðir eldri Reykvíkinga, sem gilda er lóðinni verður formlega úthlutað. Ákveðið er að breyta

nokkuð gildandi deiliskipulagi lóða við Árskóga og tengigangi að þjónustumiðstöð við Skógarbæ.

Hverfisskipulag Breiðholts - verklýsing

Vegna fyrirhugaðrar vinnu við hverfisskipulag fyrir Breiðholt – Borgarluta 6, er nú til kynningar verkefnislýsing sbr. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Verklýsingin hefur fengið vinnuheitid „Breiðholt - verklýsing fyrir hverfisskipulag“ og nær til eftirfarandi hverfa; Neðra Breiðholt, Seljahverfi og Efra Breiðholt, sjá nánar afmörkun skipulagssvæðis í verklýsingu.

Hverfisskipulag fyrir Breiðholt er hluti af áætlun í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 um að vinna hverfisskipulag fyrir öll gróin hverfi í Reykjavík. Helstu markmið hverfisskipulagsins er að stuðla að sjálfbærum og vistvænum lausnum, sameina ólíkar deiliskipulagsáætlanir í hverfunum í eitt heildarskipulag og að auðvelda íbúum að sækja um smábreytingar á sínum fasteignum.

Verklýsingin er orðin aðgengileg á vefnum; <http://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu> og eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér hana. Ábendingum og athugasemdum við verklýsinguna skal skilað skriflega til skipulagsfulltrúa Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 11. júní 2015. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

Reykjavík 11. maí 2015
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

NOKIAN
TYRES

Finndu dekkin þín á

MAX1.is
og fáðu tilboð



VELDU ÖRYGGI

Margverðlaunuð **NOKIAN** gæðadekk

Á Íslandi vitum við að sumarveður getur þýtt alls konar veður. Þess vegna hefur Nokian þróað sumar- og heilsársdekk sem henta fjölbreyttu veðurfari norðlægra slóða.

- ✓ ein **öruggustu** dekk sem völ er á
- ✓ valin **bestu dekk** í gæðakönnunum
- ✓ eigum dekk fyrir **fólksbíla**, **jeppa** og **sendibíla**

Við bjóðum Nokian dekk í hæsta gæðaflokki á frábæru verði

Greiðsludreifing í boði

Opnunartími: virka daga kl. 8-17. Laugardaga: sjá MAX1.is

Bíldshöfða 5a, Rvk
Jafnaseli 6, Rvk
Dalshrauni 5, Hfj
Knarrarvogi 2, Rvk (ath. ekki dekkjapjónusta)

Aðalsímanúmer
515 7190

MAX1
BÍLAVAKTIN

Breiðholt Festival í Seljahverfi

Breiðholt Festival er nýmæli í Breiðholtinu en það er menningaráttíð sem fer fram í hjarta Seljahverfisins laugardaginn 13. júlí. Aðalmiðstöð hátíðarinnar er í Vogaseli en húsin í götunni voru hönnuð sérstaklega með það í huga að listamenn gætu haft vinnustofu í sama húsi og þeir byggju í. Hátíðin teygir sig yfir gróíð svæði í hjarta Seljahverfisins. Fer í námunda við gamla bæjarstæði Breiðholts sem hverfið dregur nafn sitt af og einungis tekur um 5 til 10 mínútur að ganga á milli staðanna eftir göngustígum, fjarri bílaumferð.

Markmið Breiðholt Festival er tvíþætt. Annars vegar að vekja athygli á þeim fjölmörgu listamönnum sem tengjast Breiðholti og kynna þá listsköpun sem fer fram í hverfinu, bæði fyrir innlendan og erlendan markað. Hins vegar vegar að gera íbúa hverfisins meðvitaða og stolta af menningararfleifi þess og njóta listsköpunar innan göngufæris í heimabyggð sinni. Dagskrá hátíðarinnar samanstendur af fjölbreyttum viðburðum og er aðgangur ókeypis. Samaris og Ben Frost eru á meðal þeirra sem sem koma fram á tónleikum. Skáldið Sjón les upp úr verkum sínum. Boðið verður upp á listasmiðjur á borð við tónlistarbúðir á vegum Stelpur Rokka!, dansnámskeið hjá DFM Company og myndlistarsmiðju danska myndlistarhópsins Artotek. Hljóðinnsetning og gjörningur verður í Ölduselslaug, markaðir við Hólmasel, Lúðrasveit Árbæjar og Breiðholts leikur og Ragnheiður Harpa Leifsdóttir



Aðstandendur Reykjavík Festival eru Sigríður Sunna Reynisdóttir, Valgeir Sigurðsson og Megan Horan.

leiðir leikjastund í skúlpúrgarði Hallsteins Sigurðssonar við Ystasel. Tilkynt verður fleiri viðburði og listamenn þegar nær dregur og hægt er að fylgjast með á Facebook síðu hátíðarinnar (facebook.com/breidholt.festival) Það eru þau Valgeir Sigurðsson, Sigríður Sunna Reynisdóttir og Megan Horan sem standa að baki Breiðholt Festivali. Valgeir er upptökustjóri og tónskáld, hann stofnaði hljómplötuútgáfuna Bedroom Community árið 2006 og hefur starfrækt hljóðverið Gróðurhúsið í Breiðholti frá árinu 1999 hvar hann hefur unnið náið með

ýmsum virtum og framsæknum tónlistarmönnum. Sigríður Sunna er brúðuleikhús- og sviðslistamaður. Hún er listrænn stjórnandi leikhópisins VaVaVoom sem hefur bækistöðvar í Vogaseli. VaVaVoom hefur framleitt sýningarnar Hands Up!, Nýjustu fréttir og WIDE SLUMBER. Megan Horan hefur starfað sem framkvæmdastjóri Bedroom Community um nokkurt skeið og hefur mikla reynslu skipulagningu hátíða og viðburða af þessari stærðargráðu sem einn af aðalskipuleggendum LungA, Innipúkans og Rauðasandur Festival.

www.breiðholt.is

Líkamsræktarstöð í Breiðholti

Líkamsræktarstöð verður byggð við Breiðholtslaug og er stefnt að opnun í janúar á næsta ári. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Björn Leifsson, framkvæmdastjóri World Class, skrifuðu nýlega undir samning um byggingu og rekstur stöðvarinnar.

„Breiðholtslaugin er frábær. Hef bæði verið þar snemma morguns og í hádeginu í vikunni. Pottverjar eru sammála um að þeir eigi besta nuddpott landsins og nýja eimbaðið er sérlega vel heppnað. Eins og margir þekkjá var samningur um að reisa

líkamsræktarstöð við laugina boðin út á síðasta kjörtímabili. Það leiddi til samninga við Þrek hf. sem rekur World Class og nýlega skrifuðum við undir samning við fyrirtækið sem ætlar reisa ræktina. Ráðgert er að hún opni á næsta ári. Þarna er því að fæðast fyrsta líkamsræktarstöð hverfisins, segir Dagur B. Eggertsson og kveðst mjög glaður fyrir hönd Reykjavíkur og Breiðhyltinga sérstaklega. „Það verður gott fyrir hverfið að fá loksins líkamsræktarstöð en hún mun líka koma til með að styrkja Breiðholtslaug enn frekar.“

Matur og vín:

Í sumar grillum við! Grillréttirnir frá Hafinu eru frábærir á grillið og fátt ljúfara en góðar stundir á sólpallinum með góðan fiskrétt á grillinu og njóta þess að sötra rétta hvítvínið með matnum eða bara eitt og sér. Hafið fiskverslun er sérverslun með hágæða fiskafurðir og meðlæti fyrir kröfuharða neytendur. Fiskborðin eru þéttsetin af landsins mesta úrvali af tilbúnum fiskréttum til að ofnbaka, steikja eða grilla sem gerir viðskiptavinum kleift að elda dýrindis máltíð á nokkrum mínutum án nokkurar fyrirhafnar.

Grillréttur mánaðarins er frá Fiskbúðinni Hafinu, sem er staðsett á tveimur stöðum Hlíðasmára 8, Kópavogi og Spönginni 13, Rvk.



Lax í sesam og engifer

Laxasteikur marineráðar á asísk-vestrænan máta best á grillið



Við mælum með eftirfarandi víni við þennan rétt:

Montalto Organici Cataratto
- Lífræntreктаð
- Sikiley - 1.799 kr.

Ljössítrónugull.
Létt fylling, ósætt, fersk sýra.
Ljós ávöxtur, sítrusbörkur, læm.

Piccini Bianco Toscana
- Ítalía - Toskana - 1.550 kr.

Ljössítrónugull.
Létt fylling, þurr, mild sýra.
Ljós ávöxtur, sítrus, eplakjarni.

Veturinn kvaddur með skruðgöngu á fertugsafmælinu

Veturinn var kvaddur með stórkostlegri afmælis skruðgöngu nemenda og starfsfólks Ölduselsskóla um Seljahverfið með Lúðrasveit Árbæjar og Breiðholts í broddi fylkingar miðvikudaginn 22. apríl.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri heiðraði skólann með þátttöku í göngunni í rjómalíðu. Í lokin fengu

gláðir og svangir göngugarpar pylsur og ís sem vakti mikla lukku. Ölduselsskóli fagnar fjörutíu ára afmæli um þessar mundir og í tilefni þess hafa verið ýmsar skemmtilegar uppákomur fyrir nemendur og starfsfólk. Þann 20. maí næstkomandi ætlar skólinn í samstarfi við foreldrafélagið að halda glæsilega afmælishátíð þar sem íbúar hverfisins gleðjast með okkur.



Fjöldmenn var í Ölduselsskrúðgöngunni.



VILT ÞÚ STARFA Í BREIÐHOLTI OG HAFA ÁHRIF Á ÞRÓUN HJÚKRUNAR FYRIR ALDRAÐA? HJÚKRUNARSTJÓRI, HJÚKRUNARFRÆÐINGAR OG SJÚKRALIÐAR



Í Seljahlíð búa 72 íbúar, þar af eru 20 íbúar með færni- og heilsumat í hjúkrunarrýmum og 52 íbúar í þjónustuíbúðum. Starfsmenn heimilisins eru um 70 talsins.

Seljahlíð sem er heimili aldraðra óskar eftir að ráða hjúkrunarstjóra til starfa í 80-100% starf í dagvinnu, þrjá hjúkrunarfræðinga og tvo sjúkraliða í 80-100% vaktavinnu.

Hjúkrunarstjóri

Helstu verkefni og ábyrgð

- Skipuleggur og stjórnar hjúkrun í Seljahlíð
- Yfirumsjón með framkvæmd RAI mats
- Yfirumsjón með kennslu og starfsþjálfun nema og starfsfólks á heimilinu.
- Veitir faglega ráðgjöf til starfsmanna, íbúa og aðstandenda
- Situr í gæðaráði heimilisins og vinnur að gæðamálum
- Staðgengill forstöðumanns

Hæfniskröfur

- Íslenskt hjúkrunarleyfi
- Framhaldsnám í stjórnun eða öldrunarhjúkrun æskilegt
- Reynsla af hjúkrun
- Þekking og reynsla af stjórnun
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Áhugi á starfi með öldruðum
- Þekking og reynsla af RAI-mælitækinu
- Hæfni í mannlegum samskiptum og jákvæðni

Sjúkraliði

Helstu verkefni og ábyrgð

- Eftirlit með íbúum
- Framfylgja meðferðaráætlunum í samráði við hjúkrunarfræðinga
- Gefa lyf sem tekin hafa verið til eftir þörfum
- Skráning í Sögu kerfi

Hæfniskröfur

- Sjúkraliði með íslenskt starfsleyfi
- Faglegur metnaður
- Frumkvæði í starfi, þolinmæði og jákvætt viðhorf
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð íslenskukunnátta

Hjúkrunarfræðingur

Helstu verkefni og ábyrgð

- Skipulagning hjúkrunar og almenn hjúkrunarstörf
- Gerð meðferðaráætlana
- Skráning í Sögu kerfi
- Skráning í Rai gagnagrunn
- Verkstjórn sjúkraliða og annarra umönnunaraðila

Hæfniskröfur

- Hjúkrunarfræðingur með íslenskt hjúkrunarleyfi
- Reynsla af hjúkrun æskileg
- Faglegur metnaður
- Frumkvæði í starfi, þolinmæði og jákvætt viðhorf
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð íslenskukunnátta

Við bjóðum upp á:

- Heimilislegt vinnuumhverfi
- Tækifæri til að taka þátt í þróun hjúkrunar aldraðra
- Krefjandi og spennandi verkefni
- Sveigjanlegan vinnutíma
- Skemmtilegan og faglegan starfsmannahóp

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga annars vegar og hins vegar kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Sjúkraliðafélags Íslands.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Margrét Árdís Ósvaldsdóttir forstöðumaður í síma 540-2400 eða með því að senda fyrirspurnir á margret.ardis.osvaldsdottir@reykjavik.is

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf Umsóknarfrestur er til 23. maí

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspeglí það margbreytilega samfélag sem við búum í.



Einbeitingin leynir sér ekki á meðal þátttakenda menntabúðanna. Mynd. KK.

Nýungar kynntar í menntabúðum

Öllum kennurum í grunnskólum Breiðholts og nokkrum leikskólum var boðið Menntabúðir sem voru haldnar í Hólabrekkuskóla mánudaginn 11. maí að frumkvæði kennara skólans og var þetta vel heppnað að mati gesta. Kennarar fengu kynningu á ýmsu sem verið er að gera í Hólabrekkuskóla en einnig komu kennarar úr Kelduskóla og af leikskólanum Ösp með kynningar á því góða starfi sem þar fer fram.

Meðal þess sem var kynnt var þrívíddarprentari sem

Hólabrekkuskóli á, ýmsar skemmtilegar lausnir fyrir spjaldtölvur, vefsíður og smáforrit sem nýtast við kennslu nemenda með annað móðurmál en íslensku, vinaliðaverkefni, forritunarkennsla og margt annað fróðlegt og skemmtilegt. Á dagskrá menntabúðanna var m.a. kynning á 3D prentara og Fab Lab starfsstöðinni í Eddufelli. Kynnt voru forrit og vefsíður fyrir nemendur með annað tungumál en íslensku. Einnig var fjallað um notkun ípada og rafbækur og ýmsar nýjungar kynnar.

Sumar

vörurnar eru komnar

Komdu og gerðu frábær kaup!

Kjólur, jakkar, buxur, leggings, töskur, veski, bolur, blússur, peysur, hanskar hattar, húfur, loðkragar, samkvæmisfatnaður samkvæmisveski, skart og margt fleira...

Súper Sól
HÁRSTOFA

Hólmasei 2 - 109 Reykjavík - Sími 567 2077 - 587 0077

Opíð mán. - föst. kl. 10-22, laugard. kl. 10-20

APENA

HÁRSNYRTISTOFA

Pangbakka 10 (MJÓDD) • Sími: 557-2053

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996

ALÚD • VIRÐING • TRAUST

Áratuga reynsla

Vaktsími:
581 3300 & 896 8242

www.utfarin.is
Allan sólarhringinn

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

iKort – greiðslukortið sem er ótengt bankakerfinu

iKort er alþjóðlegt Mastercard inneignar kreditkort. Að sögn Guðbjargar Daggar Snjólfisdóttur þjónustustjóra hjá iKort hefur kortið verið í umferð á Íslandi í á annað ár og fengið mjög góða viðtökur.

Hægt er að fá tvær gerðir af iKortum. Annars vegar ópersónugert iKort (iKort án nafns) og hins vegar persónugert iKort (iKort með nafni). Ópersónugerðu kortin eru tilbúin til afgreiðslu samstundis og um leið og búið er að virkja kortið er það tilbúið til notkunar. Persónugerðu kortin eru hefðbundnari útlits, með nafninu á. Persónugerðu kortin eru útbúin í London og það tekur að jafnaði um 10 virka daga að fá þannig kort. Einungis er um útlitsmun á kortunum að ræða, notkunarmöguleikarnir eru þeir sömu.

Kostir iKorts

Þú þarft ekki að vera með bankareikning. Þú getur fengið kortið strax og enginn annar en þú hefur aðgang að kortaupplýsingum þínum. Þú hefur góða yfirsýn yfir fjármálin og þarft ekki að hafa áhyggjur af kortareikningi um hver mánaðamót.

iKort fæst á Pósthúsum um allt land

Auðvelt er að sækja um iKort á www.ikort.is en auk þess er hægt að nálgast ópersónugerð kort á Pósthúsum um allt land. Á Pósthúsum er einnig hægt að hlaða peningum inn á kortið.

Helsti munurinn á iKorti og öðrum debet- og kreditkortum

iKort er endurhlaðanlegt alþjóðlegt rafeyriskort. Í hvert



sinn sem iKort er notað er andvirði viðskiptanna dregið frá inneign kortsins. iKorti fylgir ekki yfirdráttur og því verður að hlaða kortið með nægri inneign áður en það er notað. Þannig er tryggt að þú eyðir ekki meiru en þú átt. Örgjörvinn í iKortum heldur alltaf utan um rétta stöðu.

Hægt er að nota iKort hvar sem er í heiminum

Hægt er að nota kortið hvar sem er erlendis. Tekið er við MasterCard kortum á yfir 32 milljón stöðum um allan heim, allsstaðar þar sem þú sérð MasterCard merkið er hægt að nota iKort, þar með talið til í hraðbönkum og á netinu.



Hagkvæmt að senda peninga til vina og vandamanna erlendis

Kortið er einkar hentugt fyrir þá sem vilja senda peninga til vina og ættingja sem eru búsettir erlendis. Í staðinn fyrir að þurfa að millifæra af íslenskum bankareikningi inn á erlendan bankareikning er hægt að hlaða kortið beint í íslenskum heimabanka og peningurinn er kominn samstundis inn á kortið. Hefðbundnum millifærslum á milli landa fylgir kostnaður og eins tekur nokkra daga fyrir peninginn að berast. Hver sem er getur lagt inn á kortið og þegar iKort er hlaðið er ekki um neinn kostnað eða biðtíma að ræða.

Mætum á völlinn í sumar og styðjum Leikni til sigurs!



Þrjá stuttmyndir krakka úr 3. og 4. bekk

Þrjá stuttmyndir krakka úr 3. og 4. bekk sem taka þátt í starfi frístundaheimilanna í Breiðholti voru sýndar á kvikmyndahátíðinni Filmunni sem fór fram í Sambíóunum í Álfabakka miðvikudaginn 22. apríl sl. Frístundamiðstöðin Miðberg stóð fyrir hátíðinni og myndirnar voru frá frístundaheimilunum Bakkaseli, Regnboganum og Hraunheimum. Um 300 manns komu og sáu myndirnar og voru það bæði börn og aðstandendur kvikmyndagerðarmannana ungu.

Filman fer þannig fram að börn í 3. og 4. bekk á frístundaheimilunum í Breiðholti skrifa handrit af stuttmynd. Þau taka upp og leika undir handleiðslu fagmenntaðra starfsmanna. Börnin eru virkir þátttakendur í allri framleiðslu myndarinnar m.a. að búa til sviðsmynd og búninga. Hvert frístundaheimili gerir sína mynd og var afraksturinn sýndur í Sambíóunum. Áhorfendur voru einkum börn á frístundaheimilum í Breiðholti og aðstandendur þeirra. Tilgangur verkefnisins er að börnin fái vettvang fyrir sköpunarþörf sína og að kynna þau fyrir möguleikum kvikmyndagerðar. Sérstök áhersla er lögð á að myndirnar séu þeirra og hlutverk starfsmanna sé fremur að kynna þeim fyrir möguleikum sem hægt er að gera en ekki



Unga kvikmyndagerðarfólkið ásamt Hafsteini Vilhelmssyni leiðbeinanda sínum og umsjónarmanni verkefnisins.

að gera hlutina fyrir þau. Í ár er ákveðið að gefa fern verðlaun, fyrir besta handrit, besta leik, bestu búninga og síðan verðlaun fyrir bestu myndina og fór verðlaunahátíðin fram strax á eftir sýningu myndanna. Regnboginn hlaut verðlaun fyrir bestu búninga, Hraunheimar fyrir best leik og Bakkasel fyrir besta handritið ásamt því að vinna aðalverðlaun dagsins sem voru verðlaunin um bestu myndina. Aðstandendur

hátíðarinnar voru mjög ánægðir hvernig til tókst og það er greinilega nóg af upprennandi kvikmyndagerðafólki í Breiðholti. Þátttakan í verkefninu var góð og tóku fjölmörg börn þátt í hverri mynd. Leikstjóri og umsjónarmaður verkefnisins er Hafsteinn Vilhelmsson en hefur hann stjórnað og þróað verkefnið í þrjú ár. Hátíðin er búinn að vera hluti af barnamennningarhátíð í Reykjavík síðustu tvö ár.



Snyrtivörुकynningar voru þáttur í verslunarstarfsemi og fór þær stundum fram í samstarfi við tiskuverslunina Veftu. Þessi mynd var tekin á einni slíkri kynningu fyrir nokkrum árum.

30% afsláttur af öllum vörum hjá Nönu

Snyrtivöruverslunin Nana í Hólagarði í Breiðholti býður allar vörur á 30% afslætti og stendur útsalan út maímánuð.

Nana er búin að vera starfandi í Hólagarði í yfir þrjú áratugi og er ein af þeim verslunum sem lengst hafa starfað í verslunarmiðstöðinni. Hólagarður er dæmi um hverfisverslunarstöð sem lifað hefur góðu lífi í nær fjóra áratugi.

Lumar þú á góðri hugmynd?

Finnst þér afmæli skemmtileg?

Í ár er 100 ára afmæli kosningaréttar íslenskra kvenna.

Af því tilefni auglýsum við eftir öflugum íbúum, félögum, stofnunum og samtökum í Breiðholti sem hafa frumlegar, skemmtilegar og hátíðlegar hugmyndir um hvernig hægt er að halda upp á þetta merkisafmæli.

Þeir sem hafa áhuga á þátttöku eða luma á góðum hugmyndum eru hvattir til að hafa samband við Ágústu H. Gísladóttur verkefnisstjóra félagsstarfs í Breiðholti í netfangið

agusta.h.gisladottir@reykjavik.is

100 ÁRA | KOSNINGARÉTTUR KVENNA Á ÍSLANDI



www.tattoo.is

CLASSIC TATTOO REYKJAVÍK

Ópið 12:00-19:00 mánudaga til föstudaga

tattoo@tattoo.is

simi: 7722171

Arnarþakki 2

Einkarekið apótek

Lágt lyfjaverð - góð þjónusta

GARÐS APÓTEK - rétt leið

Sogavegi við Réttarholtsveg

Ópið kl. 9-18 virka daga • Sími 5680990 • www.gardsapotek.is

Aðalfundur framundan?

Heildarlausn í rekstri húsfélaga.



www.eignausmjon.is
S. 585 4800, Suðurlandbraut 30.

Breiðholtshlaup Leiknis 14. maí



Hið árlega Breiðholtshlaup Leiknis verður haldið þann 14. maí nk. Lagt er af stað frá Leiknishúsinu við Austurberg kl. 11 og er hlaupið um Efra Breiðholt og Elliðaárdal sem er frábær hlaupaleið. Hlaupið er fyrir alla fjölskylduna og er boðið upp á þrjár vegalengdir; 2, 5 og 10 km.

Unglingaráð Leiknis skipuleggur Breiðholtshlaupið. Markmiðið er að sem flestir Breiðhyltingar taki þátt en jafnframt viljum við gjarnan fá fólk úr öðrum bæjarhlutum til að koma og kynna hvernig okkar og félaginu. Iðkendur félagsins og þjálfarar setja ávallt sinn svip á hlaupið og það ríkir mikil gleði á meðal þeirra

ýngstu og eftirvæntingin skín úr hverju andliti þegar beðið er eftir því að hlaupið sé ræst.

Í þetta sinn ætla skipuleggjendur The Color Run hlaupsins að vera með okkur. Þeir munu gefa heppnum þátttakendum í hlaupinu miða í Color Run hlaupið og aðra glaðninga. Boðið verður upp á hressingu eftir hlaup og svo er frítt í Breiðholtslaug fyrir alla sem hlaupa.

Við hlökkum til að sjá sem flesta vana og óvana hlaupara fjölmenna í Breiðholtshlaupið á uppstigningardag!

Skráning í hlaupið hefst kl. 9:30 á uppstigningardag en nánari upplýsingar er að finna á leiknir.com og hlaup.is.

Nemendur FB smíða fyrir Leikni



Á húsasmiðabraut FB hafa nemendur verið að smíða miðasöluskála fyrir Leikni.

Tryggðu þér árskort á heimaleiki Leiknis

Leiknismenn leika í fyrsta skipti í ár í efstu deild karla og mikil tilhlökkun er hjá félaginu og Breiðhyltingum fyrir komandi keppnistímabili.

Sem fyrr verða árskort seld á heimaleiki liðsins. Miðaverð á leiki Leiknis í sumar verður 1500 kr. en nú geta stuðningsmenn Leiknis tryggt sér heimaleikjakort sem gildir á alla heimaleiki Leiknis fyrir 11.000 kr. en heimaleikir liðsins verða 11 talsins.

www.leiknir.com

Graenir **SKÁTAR**
– við elskum dósir!

Söfnunarkassar í þínu hverfi eru m.a. við:
Arnarbakka • Austurberg • Seljaskóla

Getraun nr. 111

www.leiknir.com

Leiknir var stofnað 1973



Austurbergi 1, Efra Breiðholti

Minningarsjóður Gunnars Haukssonar styrkir Leikni

Minningarsjóður Gunnars Haukssonar afhenti á dögunum Íþróttafélaginu Leikni glæsilegan skjávarpa að gjöf, en gamli skjávarpinn var orðinn 11 ára gamall og því var kominn tími til að skipta honum út fyrir nýjan. Skjávarpinn mun nýtast öllum flokkum Leiknis og ekki síst yngri flokkunum sem geta nú haldið vídeó-kvöld eða hist í Leiknishúsinu til að horfa saman á fótboleik á stóru tjaldi.

Minningarsjóðurinn var stofnaður til minningar um Gunnar Hauksson, en hann var um árabíl einn af helstu stuðningsmönnum félagsins ásamt því að taka virkan þátt í starfinu. Hann dæmdi t.a.m. fjölda leikja fyrir félagið, veitti Leiknisvelli forstöðu á tímabili og var óþreytandi í að hvetja Leiknisliðið áfram á jákvæðan hátt, hvort sem gengi liðsins var gott eða slæmt. Tilgangurinn með sjóðnum er að styrkja ýmis málefni sem tengjast íþróttafélaginu Leikni, aðallega þeim sem snúa að yngri flokka starfinu og innviðum klúbbsins. Meðal verkefna sem hlotið hafa styrk úr sjóðnum er stuðningur



Barnabörn Gunnars Haukssonar afhentu félaginu skjávarpann, en þau eru frá vinstri: Hildur Telma Hauksdóttir, Ásdís Valsdóttir, Gunnar Freyr Valsson og Helena Bryndís Hauksdóttir

við efnaminni foreldra til að senda börn á mót yngri flokka bæði innanlands og erlendis. Sjóðurinn fjármagnaði einnig grill fyrir félagið auk þess sem ýmiss

búnaður (keilur og boltar) hefur verið keyptur fyrir yngri flokka Leiknis.



Reykjavík
GLERAUGNABÚÐIN
MJÓDD

Álfabakka 14 a - s. 5271515 - Verslun í göngugötu

Níu eðal ÍR-ingar heiðraðir

Aðalstjórn ÍR heiðraði á aðalfundi ÍR sem haldinn var 29. apríl s.l. níu einstaklinga sem unnið hafa frábær störf fyrir félagið á undanförunum árum og áratugum.

Bjarki Þór Sveinsson sem kjörinn var til áframhaldandi formennsku í félaginu og Ingigerður H. Guðmundsdóttir varaformaður ÍR afhentu viðurkenningarnar.

Silfurmerki ÍR hlutu eftirtaldir:

Hjálmar Sigurbórsson fyrir störf í þágu körfuknattleiks og aðalstjórnar ÍR.

Siggeir Kolbeinsson fyrir störf í þágu handknattleiks hjá ÍR.

Jón Kornelius Magnússon fyrir störf í þágu skíðaíþróttarinnar hjá ÍR.

Jakob Hallgeirsson fyrir störf í þágu knattspyrnunnar hjá ÍR.

Auðunn Friðrik Kristinsson fyrir störf í þágu skíðaíþróttarinnar hjá ÍR.

Gullmerki ÍR hlutu eftirtaldir:



Níu einstaklinga sem unnið hafa frábær störf fyrir félagið á undanförunum árum og áratugum.

Halldór Þ. Halldórsson fyrir störf í þágu knattspyrnunnar hjá ÍR.

Runólfur Bjarki Sveinsson fyrir störf í þágu handknattleiks hjá ÍR.

Sigurður Gunnar Kristinsson fyrir störf í þágu skíðaíþróttarinnar hjá ÍR.

Margrét Héðinsdóttir fyrir störf í þágu frjálsíþróttarinnar hjá ÍR.

Saga Víðavangshlaups ÍR komin á vefinn

Í tilefni af 100. Víðavangshlaupi ÍR sem haldið var á sumardaginn fyrsta 23. apríl s.l. var opnaður söguvefur um hlaupið. Höfundur sögu þessa elsta samfellda keppnisviðburðar í íþróttum á Íslandi er ÍR-ingurinn Ágúst Ásgeirsson fyrr um Íslandsmethafi í hlaupum og blaðamaður.

Hverju einasta hlaupi frá 1916 til dagsins í dag eru gerð góð skil í texta, úrslit birt og ein eða fleiri myndir birtar frá hverju einasta hlaupi. Hér er um einstaka heimild að ræða sem allir eru hvattir til að kynna sér. Aðgangur að sögu Víðavangshlaups ÍR er vef félagsins www.ir.is undir flípanum frjálsar.



Fréttir

Íþróttafélag Reykjavíkur
Skógarseli 12 • Sími 587 7080
Tölvupóstur: ir@ir.is
Heimasíða: ir.is

Ný og spennandi sumarnámskeið ÍR

Meginmarkmið SUMARGAMAN námskeiðanna er að efla og auka skyn og hreyfiproska barna og veita fjölbreytt íþrótauppeldi. Byggja upp hjá börnunum heilbrigðar og hollar lífsvenjur, koma til móts við börn sem þurfa og vilja leika sér og foreldra sem vilja að börn þeirra fái alhliða þjálfun í öruggu umhverfi.

Sumargaman ÍR skiptist í tvær brautir, íþróttabraut og leikjabraut. Leikjabrautin samanstendur af hreyfingu og útiveru, leikjum, gönguutúrum, hjólaferðum, ævintýradögum, sönglist, fönndurdögum, sundferðum, bæjarferðum, upplýsingaferðum og dansi. Íþróttabrautin samanstendur af frjálsíþróttþjálfun, fimleikþjálfun, handboltþjálfun, knattspyrnuþjálfun og körfuknattleiksþjálfun.

Leiðbeinendur

Aðalleiðbeinendur sumargaman ÍR eru íþróttifræðingarnir Sigurður Ósk Fannal og Óðinn Björn Þorsteinsson og þeim til aðstoðar frábærir íþróttamenn og yngri leiðbeinendur. ÍR-ingar hafa staðið fyrir mjög vinsælum íþróttanámskeiðum fyrir börn í fjölda ára. Hin vinsælu íþrótt- og leikjanámskeið og Fjórkalánanámskeiðin hafa nú verið sameinuð í ný námskeið sem kallast SUMARGAMAN ÍR fyrir börn á aldrinum 6 til 9 ára.

Heilsu- og hálfisdagsnámskeið og matur

Sumargaman ÍR eru bæði heilsudags og hálfisdags námskeið. Hægt verður að velja um hálfisdags námskeið fyrir og eftir hádegi. Þá verður boðið upp á heitan mat í hádeginu sem er nýjung og gæslu frá 8:00-9:00 og frá 16:00-17:00.

Markmið

Meginmarkmið sumargamans námskeiðanna hjá ÍR er að efla og auka skyn og hreyfiproska barna og veita fjölbreytt íþrótauppeldi. Byggja upp hjá börnunum heilbrigðar og hollar lífsvenjur, koma til móts við börn sem þurfa og vilja leika sér og foreldra sem vilja að börn þeirra fái alhliða íþróttþjálfun í öruggu umhverfi.

Námskeiðin verða haldin á ÍR-svæðinu á eftirtöldum vikum:
15.-19. júní, / 22.-26. júní, / 29. júní-3. júlí, / 6.-10. júlí, / 13.-17. júlí,
20.-24. júlí, / 27.-31. júlí, / 4.-7. ágúst, / 10.-14. ágúst.

SKÁNING OG NÁNARI UPPLÝSINGAR: Hjá starfsfólki ÍR í síma 5877080 eða á www.ir.is

Foreldrar
verum samtaka



Útivistarreglurnar

1. maí til 1. september

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 22

13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 24

1. september til 1. maí

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 20

13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 22

Útivistarreglurnar eru samkvæmt barnaverndarlögum. Börn mega ekki vera á almannafæri utan ofangreinds tíma nema í fylgd með fullorðnum. Bregða má út af reglunum þegar börn 13-16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár.



Samstarfshópur
um forvarnir



Ríkislögreglustjórnir



GETRAUNANÚMER

ÍR ER 109

Opið alla daga
frá kl. 11 til 23.



Lóuhólar 4, nálægt Dominospizza

Sími: 557 1414



Viltu *framúrskarandi* þjónustu við sölu á þinni fasteign?

Ég sé um allt ferlið fyrir þig og aðstoða þig einnig við fasteignakaup.

LIND FASTEIGNASALA



Kristín Skjaldardóttir
Sölufulltrúi
kristin@fastlind.is
824 4031



Þórunn Gísladóttir
Löggiltur fasteignasali.
510 7900



Málþing um árangur af Menntun núna



Frá kennslustund í Menntun núna. Þarna hafa nýbúar m.a. fengið tækifæri til þess að læra og þjálfa sig í íslensku.

Málþing um tilrauna-verkefni Menntun núna í Breiðholti og Norðvesturkjördæmi verður haldið fram í Gerðubergi 18. maí næstkomandi.

Á málþinginu verður fjallað um þann árangur sem fengist hefur af verkefninu og hvaða lærdóm má draga af þeirri reynslu sem fengist hefur með þessu framtaki. Menntun núna hefur einkum beinst að fólki sem horfið hefur frá námi en langar að hefja námsferil að nýju og einnig að fólki sem flust hefur hingað frá öðrum löndum og menningarsvæðum. Reglulega hefur verið fjallað um Menntun núna í Breiðholtsblaðinu og væntanlega verður sagt frá þeim niðurstöðum sem liggja fyrir að málþinginu loknu.

Nemendafélag FB styrkir Neyðarsöfnun Félags Nepala á Íslandi



Nemendafélag FB gaf 150 þúsund krónur til styrktar Neyðarsöfnun Félags Nepala á Íslandi.

Kushu Gurung stjórnarmaður í félaginu og nepalskir nemendur FB tóku á móti styrknum frá stjórn NFB. Í ræðu formanns NFB Péturs Magnússonar kom fram að í skólanum eru fjölmargir nemendur af erlendu bergi brotnir og að stór hópur nepalskra nemenda stundi nám við skólann. Nemendafélagið vill sýna vilja sinn í verki og styrkja við söfnunina eftir náttúruhamfarirnar í Nepal um 150.000 kr.

Þess má geta að Kushu útskrifaðist sem stúdent frá FB í fyrravor. Reikningur söfnunarinnar er: 0133-15-380330 og kennitala: 511012-0820

BREIÐHOLT FESTIVAL

13. júní 2015

VIÐBURÐIR:

Tónleikar
Listasmiðjur
Markaðir
Hljóðinnsetning í Ölduselslaug
Útileikir
Upplestur
Gjörningar

LISTAMENN:

Ben Frost – 6 Guitars
(Valgeir Sigurðsson, Kira Kira Jofriður, Bergur Thomas ofl.)
Samaris
Sjón
Stelpur Rokka!
DFM Company
Lúðrasveit Breiðholts og Árbæjar
Gunnar Jónsson Collider
Ragnheiður Harpa Leifsdóttir
Davíð Örn Halldórsson
og margt margt fleira!

Allt ókeypis!



facebook.com/breidholt.festival

